

Fundargerð

Priðjudaginn 27. október 2022 var haldinn fundur hjá starfshópi um hjólastefnu Hafnarfjarðar, og hófst hann kl. 15:00 á skrifstofu Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar, Norðurhelli 2, 221 Hafnarfjörður. Mættir voru: Díana Björk Olsen (DBO), Hilmar Ingimundarson (HI), Helga Stefánsdóttir (HS) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar, Berglind Guðmundsdóttir (BG) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar

Fundi lokið klukkan 17:00 og farið var yfir stöðuna og hvað búið var að gera frá fyrri fundi. Teknar ákvarðanir með að óska eftir fjármögnun til að greina hjóla/göngustígakerfið, ásamt því að ráðast í forgangsröðun verkefna miðað við leiðbeiningar Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, skammstafað SSH, um hönnun göngu og hjólastíga.

Fyrir var tekið:

1. Fundargerð

Síðusta fundargerð lögð fram til samþykktar - Samþykkt

2. Vinnuskipulag starfshóps

Ræddum vinnuskipulag starfshópsins og hvaða verkferla við erum með til að halda utan um allt efni sem við viðum að okkur til að vinna verkefnið áfram. Búið að setja upp MIRO skipulags-vegg þar sem allar hugmyndir eru settar inn til að fá heildarmynd. Einnig búið að deila öllum gögnum á GoogleDrive svæði hópsins – ([linkur](#)).

3. Framkvæmdateikningar og fjármögnun verkefnis

HS og BG ræddu möguleika á fjármögnun á verkefninu til að fá framkvæmdateikningar til að leggja fram. DBO og HI hafa lagt það fyrir fjárhagsáætlun meirihluta að fá inn fjármagn til að útvista greiningu á hvaða stígakerfi (A, B eða C) virkar á stofnstígum bæjarins ásamt því að leggja til að fá greiningu á ástandi núverandi stíga, fjarlægðir og lengdir og hanna hvert svæði fyrir sig. Sigurður Haraldsson kom einnig inn á fund hjá okkur og ræddi um að það væri búið að áætla og til fjármagn til að byrja að ráðast í þetta sem fyrst. Hópurinn þarf að ýta við því.

4. Almenn umræða

Hópurinn ræddi að það væri gott net af hjóla- og gönguleiðum en það ætti eftir að framkvæma lausningar og útfæra þær. Núverandi hjóla- og göngustígakerfi er ófjármagnað og góður grunnur inn í þessa vinnu. Kanna með Norrebro routen og það samstarfsverkefni að tengja saman mismunandi bæjarfélög og stíga,

Miðbæjarskipulag er ekki klárað og okkur sárvantar framkvæmdarteikningar til að klára þessa vinnu. Erum með þéttriðið net um Hafnarfjörð sem er ekki búið að framkvæma en mætti bæta við hjólaleið hinum megin við Hrafnistu. Markmið að vera með 80% allra stíga (hjóla- og göngustíga) á plani sem uppfyllir skilyrði leiðbeininga Vegagerðarinnar og SSH. Staðan er að einn stígur uppfyllir þessi skilyrði í dag.

Velja hvaða stígar eru í forgang í framkvæmdum, og hverjir eiga að vera tvöfaldir og hvar aðaleiðir í bænum.

Kortleggja hvaða hópa við erum að þjónusta, þas hver er markhópurinn með svona aðgerð, i) fullorðið fólk, ii) krakkar, iii) fjölskyldur, iv) á leið í vinnunna, v) að leika sér á hjóli eins og í upplandinu eða racer eftir Krísuvíkurveginum til að mynda, og vi) aðrir

Leggja fram að lagnir á nýjum stígum verði grunnforsenda í nýju skipulagi, og að það sé hugað að hjólreiðarstígum við endanlegt skipulag.

Forgangsraða rauðu línu og bæta við Grísanesstígur inn í Skarðshlíð

Hvaða leiðir eru inn í HFN = Úr Krísuvík og Úr álverinu og Hrafnistu og Reykjavíkurvegur/Hafnarfjarðarvegur/Engidalur/Fjarðarkaup og Ikea/Reykjanesbraut

þurfum að leggja áherslu á að laga stíg frá IKEA og að Kaplakrika og inn í bæinn þar

5. Önnur mál

Ákveðið með næsta funda miðvikudaginn 2 nóvember.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. ≈17:00.